

Mál nr. 424/2019

M og

**V1 vegna ábyrgðartryggingar X vegna lyftarans A og V2 vegna bifreiðarinnar B
Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs lyftara og bifreiðar.****Gögn.**

Málskot M, móttengið 11. desember 2019, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 23. desember 2019.

Bréf V2, dags. 16. desember 2019.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjónstilkynningu aðila kemur fram að árekstur hafi orðið með lyftaranum A og bifreiðinni B á athafnasvæði X. Samkvæmt afstöðumynd tjónstilkynningarinnar varð áreksturinn fyrir framan innkeyrsludyr á atvinnuhúsnæði X. Hugðist M, ökumaður B aka framhjá húsinu með húsið og innkeyrsludyrnar sér á hægri hönd. Á bakhlið tjónstilkynningarinnar lýsir ökumaður B atvikum með þeim hætti að hann hafi verið að aka að bifreiðaverkstæði í nágrenninu þegar B var ekið út úr húsnæðinu. Þá kemur fram í tjónstilkynningunni að ákoma sé á hægri framhorni B en engar skemmdir hafi orðið á A. Ekki liggur fyrir framburður frá ökumanni A.

M, sem eigandi bifreiðarinnar B, krefst fullra bóta vegna tjónsins á bifreiðinni úr ábyrgðartryggingu X. Byggir hann kröfuna á þeim grundvelli að tjónið á bifreiðinni verði að öllu leyti rakið til sakar ökumanns A. Þá mótmælir M því sérstaklega að um sé að ræða vinnusvæði, engar slíkar merkingar séu á svæðinu auk þess sem akleiðin sem hann ók sé aðkoma að bifreiðaverkstæði í nágrenninu.

V1 hefur viðurkennt bótaskyldu að hluta en telur að M eigi að bera helming sakar á þeim grundvelli að hvorugur ökumanna hafi gætt nægjanlega að sér við aksturinn í umrætt sinn. Bendir V1 á að um sé að ræða vinnusvæði og að M hafi því þurft að gæta sérstaklega að sér við akstur um svæðið. Þá byggir V1 á því að á svæðinu gildi svokölluð hægri forgangsregla umferðarlaga og þar sem lyftarinn hafi verið ökumanni B á hægri hönd hafi honum borið að veita lyftaranum forgang í umrætt sinn.

V2 telur að áreksturinn verði rakinn til saknæmrar háttsemi ökumanns A, þar sem hann hafi ekið lyftaranum skyndilega og óvænt út úr iðnaðarhúsi og á framhorn bifreiðarinnar. Telur V2 að ökumaður A hafi með því brotið gegn 3. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga, þar sem kveðið er á um að ökumaður sem ætlar að aka út á veg af bifreiðastæði, lóð, landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði skuli veita umferð fyrir vegi hans forgang.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að árekstur varð með lyftaranum A og bifreiðinni B, þegar lyftaranum var ekið út um innkeyrsluhurð á húsnæði X. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að umrætt svæði sé merkt sérstaklega sem vinnusvæði eða að þar séu aðrar merkingar sem gefa til kynna að ökumenn þurfi að sýna sérstaka varúð vegna vinnuvéla eða annarrar starfsemi á svæðinu. Að teknu tilliti til þess og aðstæðna að öðru leyti er það niðurstaða nefndarinnar að árekstur ökutækjanna verði rakinn til þess að ökumaður A sýndi ekki næga aðgæslu þegar hann ók lyftaranum út um innkeyrsluhurðina og inn á akleiðina sem liggur framhjá húsinu. M á því fullan bótarétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V1.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V1.

Reykjavík 28. janúar 2019
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.